## Smælki.

A. „Mér var sagt að skólastjórinn og kennslu-
konan séu trúlofuð."
B. „Það var þeim báðum mátulegt."

Bóndi kom heim úr kaupstað, og er
hann hafði heilsað konu sinni sagði hann:
„Kaupmaðurinn ætlaði að hafa af mér; ég
held hann hafi álitið mig einhvern bjána"
Konan: „Þeir eru nógu lagnir að sjá menn út
þessir karlar."

Maðurinn: „Því hengir þú tvo hitamæla þarna
hjá glugganum?"
Konan: „Annar á að mæla hitann en hinn
kuldann."

„Ég sýndi honum föður mínum alla apana
í gær."
„Hvernig skemmti hann sér?"
„Ágætlega! Hann sagði að það minnti sig
svo á æskuárin."

Kvenlögfræðingurinn: „Hve gamall eruð þér?"
Vitnið: „Ég fæddist sama árið og þér."
Kvenlögfr. „Vitnið er undanþegið að segja
aldur sinn."

Ritstj. Ólafur Sigfússon.

# Ingimundur gamli

Blað ungmennafél. „Vatnsdælingur"

| tölubl. | Sunnudaginn 11. janúar 1942. | XXIII. árg. |
|---|---|---|

## Sjálfstæðismálið.

Hinn 9. apríl 1940 var Danmörk her-
numin. Daginn eftir þ. 10. s. m. sam-
þykkti Alþingi tvær þingsályktunar-
tillögur, sem marka tímamót í sjálf-
stæðisbaráttu okkar Íslendinga. Alþingi
ákvað að ríkisstjórnin skyldi sjálf fara
með konungsvaldið og við tækjum utan-
ríkismálin í eigin hendur. Með

þessu má segja að þjóðin hafi öðlast æðsta vald í öllum sínum málum. Er það á nokkuð annan veg en sambandslagasamningurinn frá 1918 gerði ráð fyrir, en í honum var heimild til þess, fyrir hvora sambandsþjóðina sem var, að segja samningnum upp á árunum 1941–43 og að þeim tíma liðnum slíta stjórnmálasambandinu að fullu. Tókust ekki samningar að nýju.

Þar sem framangreind ákvörðun þótti skilnaðarlögum gerð af knýjandi nauðsyn, var svo sjálfstæðismálið tekið fyrir á Alþingi 1944 og þ. 16. maí bar ríkisstjórnin fram þrjár þingsályktunartillögur, sem allar náðu samþykki sameinaðs Alþingis. Fara þær hér á eftir:

Alþingi ályktar að lýsa yfir því, að það telur Ísland hafa öðlast rétt til fullra sambandsslita við Danmörku, þar sem Ísland hefir þegar orðið að taka í sínar hendur meðferð allra sinna mála, enda hefir Danmörk ekki getað farið með þau mál, sem hún tók að sér að fara með í umboði Íslands með sambandssamningi Íslands og Danmerkur frá 1918.

Að af Íslands hálfu verði ekki um að ræða endurnýjun á sambandssáttmálanum við Danmörku, þótt ekki þyki að svo stöddu tímabært, vegna ríkjandi ástands, að ganga frá formlegum sambandsslitum og endanlegri stjórnarskipun ríkisins, enda verði því ekki frestað lengur en til styrjaldarloka.

Alþingi ályktar að kjósa ríkisstjóra til eins árs í senn, sem fari með það vald, er ráðuneyti Íslands var falið með ályktun Alþingis 10. apríl 1940, um æðsta vald í málefnum ríkisins.

Alþingi ályktar að lýsa yfir þeim vilja sínum, að lýðveldi verði stofnað á Íslandi jafnskjótt og sambandinu við Danmörku verði form-

lega slitið."
Samkvæmt þessu er það í fyrsta lagi leitt fram að af Íslands hálfu verði ekki samið að nýju um stjórnmálasamband við Danmörku þó að með styrjaldarlokum skapist möguleikar fyrir slíku sambandi. Í öðru lagi er ljóst eftir vilja Alþingis um að héðan af verði stofnað lýðveldi er sambandinu við Danmörku sé formlega slitið.

Með þessu má því segja að náð sé því marki sem þjóðin glataði í hendur Hákoni Noregskonungi árið 1262. Nærfellt sjö alda baráttu hefir það kostað þjóðina. Svo dýrkeypt hefir orðið sundrung og skammsýni forfeðra okkar. Ætti slíkt ekki að vera lærdómsríkt fyrir okkar nútímamenn? Vissulega má óska þess að sundrungin verði ekki þjóðinni að falli í annað sinn í nú- er sú hættan samt. Þar hættan liggur m.a. í því að við töpum okkar

fjárhagslega og menningarlega sjálfstæði. — Og fjölmennt setulið tveggja stórvelda dvelur í landinu og sambýlið við það orsakar það a.m.k. að það er engum tignarfögnuður samfara atburðunum á Alþingi 16. maí s.l. og kjöri fyrsta ríkisstjórans á þjóðhátíðardegi okkar, fæðingardegi Jóns forseta, 17. júní. Því þrátt fyrir að þessi tvö stórveldi héldu yfirlýsingar sínar um að virða sjálfstæði Íslands, vitum við að þjóðerni okkar er ískyggileg hætta búin, vegna sambýlisins og sambýlið getur haft þau áhrif á atvinnu og fjármálalíf þjóðarinnar að hvorutveggja hrynji í rústir, sem þeg [illegible] eigi gerðar, sem að haldi koma.

Það hefði þótt rétt að drepa á þessa atburði í sjálfstæðismálinu vegna þess að ungmennafélögin hafa jafnan látið það mál sig miklu skipta. Á fyrstu árum félaganna, er það

sjálfstæðismálið, sem fyrst og fremst gefur þeim þarfspark. Þessvegna hljótum við að gleðjast yfir framangreindum atburðum, þó hinsvegar að hefði verið æskilegra, að tildrögin þeirra hefðu verið með öðru móti.
Við verðum að vona að ekki líði á löngu uns hægt verður að ganga formlega frá skilnaðinum við Danmörku og það án íhlutunar af annara hálfu. Endalok styrjaldarinnar séu [illegible] ekki sýnileg ennþá, en við verðum að lifa og starfa í þeirri trú að okkar nýfengna sjálfstæði, og tilvera annara smáþjóða, verði ekki dauta-land. Reynist sú trú rétt, ætti að geta hafist glæsileg blóma- og framfaraöld á landi hér að styrjöldinni lokinni — en til þess þarf þó æskan að vera minnug á þá ábyrgð, sem á henni hvílir: að verða sannir Íslendingar og vinna Íslandi allt! —

---

## Þankar.

Það er komið kyrlátt kvöld. Hauströkkrið grúfir sig yfir lönd og sæ. Þreyttir menn ganga til hvíldar og varpa frá sér striti og áhyggjum líðandi dags og stundar. Sælu svefninn, strýkur sinni vinar-hönd um þeirra brár. Yfir litla þorpið færist ró og friður. Einstaka manneskja sést á rölti; annars er allt hljótt.
Ég er í þungum þönkum. Hinn sæti, svefn getur ekki hrifið mig með sér inn í draumalönd sín.
Ég geng út úr húsinu. Veðrið er kyrrt og fagurt og hinn breiði voldugi sjór liggur sem spegilsléttur og fagur máninn myndar silfraðar rákir á hann. — Ég er kominn út úr þorpinu og nú staðnæmist ég. Það er sem einhverjir töfrar bindi mig fasta. Ég stend stutt frá sjávarmáli. Svo langt sem aug-

að eygjð, sést ekkert nema hið
endalausa haf. Létt öldugjálf-
ið berst að eyrum mér og mér
finnst þetta vera kveðja frá fjar-
lægum vinum. Það leikur svo hlý-
lega í eyrum mér og þó finnst
mér kuldi læsa sig um mig alla
en ég get ekki snúið mér við. Ég stend
við fótskör hins volduga Ægis kon-
ungs og hann sýnir mér ríki sitt
í allri sinni fegurð. — Nú er svipur
hans mildur og mönnunum gefur
hann nú tæki til að veita séðan
legt við djúpi sínu; sjálfur situr
hann í hinni glæstu höll sinni
og dætur hans hafmeyjarnar stíga
þlegan dans fyrir hann. — Hann
er máttugur vinur, en hann er
líka vægðarlaus óvinur og mér
finnst ég sjá hann í öllum sín-
um mætti — ekki lengur mildan og
fagran, heldur hrikalegan ásýnd-
um og dætur hans stíga ekki
lengur rólegan dans: ofsaleg trylt-

ing grípur þær og hendur sínar
leggja þær upp úr myrkradjúpinu
og með heljarafli draga þær til
sín mannanna börn, sem hafa
vogað sér í ríki föður þeirra.
Ég sé himinháar öldur skella
að hlið skipa og báta og smátt
og smátt líða þau í sundur.
Og ég sé þar sem hinir sjóbörðu
og veðurbitnu sjómenn, heyja von-
lausa baráttu og ég heyri þá
stillta og hljóða senda hinstu
kveðju til ástvina sinna.
Ægir konungur hefir sigrað og
leið þeim inn mjúka sæng á mar-
ar botni. ————
Ég vakna upp við hugsunum
mínum; særinn er stilltur og
fagur og það er eins og hann
vilji með ró sinni og fegurð
láta okkur gleyma hversu oft
hann hefir sært okkur djúpum
sárum. — Hann vill líka láta
okkur muna öll þau gæði sem

sem hann hefur okkur í té – og
ég finn að hann á rétt til þess.
Ég geng heim. Einu sinni enn
lít ég út á sjóinn og hægur
andvari leikur um andlit mitt
– og mér finnst hann hvísla
í eyra mér, kveðju frá Ægi
konungi.

M.

---

## Álánsmaður.

Maður einn í bænum, sem
er að ýmsu leyti sérkennilegur, var
nýskeð kallaður fyrir rétt og sakað-
ur um áflog og ólæti á Austurstræti.
Dómarinn skoraði á hann að segja
hvernig allt hefði gengið til og gaf
hann þá svohljóðandi munnlega
skýrslu:

„Klukkan tíu í gærkveldi
labbaði ég í hægðum mínum eftir
götunni og var þá að brjóta heilann
um áríðandi málefni. Allt í einu
varð mér litið á háan hatt, sem
lá á gangstéttinni. Ég skal nú
segja yður hreinskilnislega hr. Dóm-
ari að mér er alltaf meinilla við
gamla hatta og ég held að ég segi
ekki ofmikið þótt ég fullyrði það að
allir menn undantekningarlaust
hafi andstyggð á gömlum hött-
um. Flestir mundu hafa sparkað
óhjákvæmilega í þennan gamla ógeðs-
lega hatt og það gerði ég líka.
Ég sparkaði í þennan gamla
hatt en ég sparkaði líka í stór-
eflis stein, sem var innan í hatt-
inum. Ég sparkaði svo fast í stein-
inn að ég datt á hrammana
og því miður felldi ég um leið ákaf-
lega feita og digra konu, sem kom
í flasið á mér. – Þegar hún datt
felldi hún stiga, sem stóð upp
við húsið. Annar endinn lenti svo

á mér, en hinn í hesti, sem var fyrir
vagni. Hesturinn þjónaði svo öku-
manninum datt út úr vagninum.
Hann datt ofan á hund og hund-
inn veldi og skrækti og beit í fót-
inn á ökumanninum. Ökumaður-
inn þreif stein og ætlaði að kasta
honum í hundinn, en steinninn
fór ~~til~~ allrar óhamingju inn um
gluggann hjá Kryddmangara og
Kryddmangarinn kom út á götuna.
Ég var nú staðinn upp og ætla
að fara að dusta til strákhnokka
einum, sem stóð skammt frá og
skellihló að mér, svo að ég hlaut
að ætla að það hefði verið hann
sem lét steininn innan í gamla
hattinum, til að skaprauna mér.
Ég hljóp á eftir stráknum, en
Kryddmangarinn, sem sjálfsagt hélt
að verið hafi hann, kom standi að mér.
Ég varð svo undrandi á þessu, að ég bar
aði til hendinni og rak þá Krydd-
mangarinn nefið í hendina á mér

svo að hann fékk blóðnasir. Okkur
varð báðum svo bilt við þetta að
hann valt ofan í rennuna og ég ofan
á hann. Og þegar ég svo kom fyrir
mig höndunum til þess að standa
upp þá uppgötvaði ég það að ég
spyrnti höndunum í andlitið á Krydd-
mangaranum og þegar hann í sömu
svifum stakk fingrinum upp í mig
þá fékk ég allt í einu einhvers-
konar krampa í kjálkana svo að ég
beit af honum fingurinn. En hann
lyndist ekki. Ég hefi hann hérna í
vestisvasa mínum innan í hrein-
um pappír. Þarið þér svo vel, hérna
er hann með sömu ummerkjum og
ég tók við honum. Ég er rótvandur
maður og það sé fjarri mér að ásælast
þumalfingur sem annar maður á.
Nú, nú, á meðan við liggjum þarna
kemur lögregluþjónn til okkar og þríf-
ur í okkur. Ég hélt þetta vera einhver
sem ætlaði að mynda Kryddmangar-
ann og með því ég er slíkt verndari

hinna litilsigldu, þá stóð ég upp og
ætlaði að reyna að telja um fyrir lög-
regluþjóninum og fá hann góðan.
Ég hefi e.t.v. verið helst til ákaf-
ur að sannfæra lögregluþjóninn, því
allt í einu varð ég var við eitthvað
milli fingranna á mér. Ég horfði í
í lófa minn, og sá ég þá að það var
nef — gerið þér svo vel, hérna er það
í öðru bréfi, hreint og þokkalegt. Ég
heyri nú að þér segið að ég hafi bitið
nefið af lögregluþjóninum. En slíkur
sakaráburður nær ekki nokkurri átt,
því hvað skyldi hafa átt að geta
knúið lögregluþjóninn til þess að reka
nefið upp í mig, nema ég var að
tala við hann. Þegar svo 5 eða 6
lögregluþjónar voru komnir þarna
utan um mig varð ég blátt áfram
ringlaður af undrun, því að ég sá að
einn þeirra datt allt í einu og fót-
brotnaði og annar skellti svo fast sam-
an tönnunum að tvær þeirra brotnuðu
úr honum. Gerið þér svo vel, ég tók

þær upp og hérna eru þær.
Ég veit svo ekkert frekara en það
að þeir fóru með mig með sér, og gengu
svo nálægt hver öðrum að þeir öftustu
spörkuðu svo í þann ynnsta að þeir
kviðslitu hann. En kviðslitið gat ég því
miður ekki tekið með mér innan í
pappír. Ég gekk sjálfviljugur með
þeim og stend nú hér sem ofsóttur
og misskilinn sakleysingi."

Dómarinn þóttist neyddur til
að dæma þennan saklausa og óláns-
sama mann í eins árs betrunarhúss-
vinnu.

Z.

# Réttardagur.

Réttardagurinn er jafnan einhver merki-
legasti dagur ársins í lífi Íslendinga —
einkum bændanna — og það fyrir marg-
hluta sakir. Í fyrsta lagi sem þá ár-
litamót. Þið stemminnina segir með
þakandi fegurst sinni og unaði, er þá á
kveðja og hverfa til liðinna stunda, en
hverfleiki lífsins og fallvelti þrýstir sér
inn í hugann, með nokkrum ómælis-
og söknuði: „Því fegurst er horfið fyrr en
varir, og finn það með söknuði og þrá."
Haustföðrið setur nú merki sitt á land-
ið og skapar mönnum nokkurn alvar-
legri sérstakan hugblæ. En þá berast
inn á svið hugsanalífsins einskonar
raddir, er segja sem svo: „Þú heimsk-
ir og tregir", vitið ekki, að „á misjöfnu
þrífast börnin bezt." Og við stöndum
orðvana frammi fyrir þeim voldugu
mætti, er setur blæinn og stríðum. —
Féð er komið að réttinni. Það eru ö-
lög þess að vera rekið úr frelsinu

við nægtabúr móður náttúru, þar sem
ærin hefir unað lífinu við hlið lambs-
ins og veit engan meiri unað. Í dag
er síðasta samverustund margrar
ærinnar og lambsins. Hér er annar
þáttur hverfleikans og efni íhugunar.
Það verðist á stundum nokkuð snúið
um frelsið og gróðurinn. —
Bóndinn gengur um réttina. Sam-
an við þessar hugleiðingar blandast
aðrar, hrífandi og gleðjandi. Hann kemur
auga á ærnar sínar, hverja af ann-
ari. Hann verður léttbrýnni við það
að mega heilsa gömlu vinunum sínum,
— kollóttu, sauðfénu — sem aldrei
hefir gert á hluta hans, en fært hon-
um jafnan ríkulegan arð, ef hann
hefir gætt þess að sýna því hlýleik
og natni. Þarna þekkir hann ein-
og markið sitt á lömbunum, sem
eru að öðru leyti ókunnugri og það
fer um hann hlýr straumur ánægju
og innrar gleði. Því að vart getur
yndislegri og fegurri dýr, en sakleys-

lömbin og svipfögur, og útlit þeirra allt ber vitni, að íslenzku heiðalöndin hafa verið gjöful í fyllsta máta. En innra með sér veit hann þó, að fyrstu skilyrði þessa fagra útlits á haustinu, er góð umsjá að vetrinum og bóndanum finnst hann vaxa í eigin augum.

Hugur bóndans hverfur um stund frá þessum hugleiðingum, að öðrum nýjum, er valda nokkrum sársauka. Það er þegar byrjar sláturtíminn, og nú er ekki umflúið það hlutskipti að svifta þær í stað hin litlu fögru dýr lífi og afast þann veg blóði lambanna. En það þýðir lítið að sakast við [illegible] bóndinn [illegible] af skilyrðislausu boði náttúrunnar: að „eins dauði sé annars líf“.

Á réttardaginn kemur það glöggt í ljós, að íslenzki bóndinn er gæddur miklum félagsvilja og hjálpfýsi. Það eru óskráð lög, að hjálpast sé að við dráttinn. Einn kallar upp annars kin-

[illegible], þá hann hefir glöggvað sig á, hvaðan sín kind er, sem hann kannkleikur. Þykir þetta mjög fagur dráttur svo sem kunnugt er, og er öllum til hagræðis. Og það gengur sem rauður þráður gegn um allan réttardaginn, hve helgi eignaréttarins er virt, svo sem framast má verða, enda hefir sú virðing lengi verið kynfylgja íslenzka bóndans og einn sterkasti þátturinn í skapgerð hans.

Hér fyrrum var sú ein hlið réttardagsins, að mikið var sungið, kveðið og flogizt á. — Vitaskuld var það Bakkus gamli, sem stjórnaði þessum þætti dagskrárinnar og honum lét að vera dýrkaður með slíkum hætti. Þetta var hefðbundin venja. Dagurinn þótti svipalítill, ef ekkert var í staupinu. Bóndinn hafði erjað baki brotnu allt sumarið. Fá eða engin mannamót hafði hann kost átt á að sækja. Áhyggjur og þreyta höfðu í ýmsum skilningi safnað skuldum

vit hans eigin sál. Og skyldu þær gjal-
ast á réttardaginn met stampi í hópi
vina og kunningja. Þá er og hættan
glötunnar at vaxa, því fleiri sem njóta
hennar saman. Þetta skilur bónd-
inn, ekki síður en aðrir og tekur und-
lagit fullum hálsi. Og hann finnur,
at nýtt er honum at greitast skuldina.
Á réttardaginn er hann konungur í
ríki sínu. Lítil mógðun, eða móðgun
getur þá vakið hið hójúfara eðli hans
svo at jafnvel skal látið hnefunum
skipta.

Þetta eru þó fremur einsdæmin.
Íslenzkir bóndum hefir jafnan verið
leinþroskuð til vandræða og kunnað at
stilla í hóf, bæði gleði og sorg.
Þótt margt sé at vísu breytt frá
því sem áður var, fylgir þó enn rétt-
ardeginum söngur og kæti; og enn
þykir hlýða at hygga andann og létta
brjóstinu — svo sem það er oft orðað
met stampi. Og í því efni þykir góðst
jafnan meira þennan dag en aðra.

enda skiptir vit Bakkus, orðinn nokk-
uð hóflegri en áður. En eitt vek-
ur eftirtekt í seinni tíma, at hinir
yngri menn eru hlaupnir meira
fram fyrir skjöldu og láta drýgslegar
en bóndinn, og rétta honum jafn-
vel lötrung, sem ætti þó at vera hit
öfuga.

Fjöldi fólks streymir at réttinni,
bæði ungir og gamlir. Dagurinn met
öllum sérkennum sínum laðar til sín
fólkit. — Þetta er dagur hins þjóðlega
sveitalífs og sérkennilegra athafna,
met ýmis merkileg viðhorf, svo sem
fram er tekit. Og nú vill fólkit
heiðra hann met nærveru sinni. Hinir
yngri menn hafa gengit óskiptir
at réttarstörfum met þeim eldri, allt
fram yfir hádegi. En þá verður vart
nokkurrar háttbreytni í fari þeirra.
Þeim fer ósjálfrátt at verða all-títlitit
þangat, er þjóðvegurinn liggur, hvort
ekki sjáist bílar á ferð. Og kunnugir
geta merkt lítilsháttar hræringar

sálarlífsins – þótt engir séu það portskjálf-
ar — enda sézt nú til bílanna
hvar þeir koma – einn, tveir, þrír og
áfram, auk þess margt kvenna á
hestum, svo og börn og unglingar.

Margt af ungu fólki stígur út úr bíl-
unum og hinir ungu menn, er geta kom-
ið því við, sækja anna, blandast innan
og smátt í hópinn. Og hugirnir kom-
ast á meiri hreyfingu. — Það er ný von
að fæðast. Von um það, að góður árang-
ur náist áður en lýkur deginum.
Það er svipuð von og t.d. veiðimanns-
ins, er leggur stöng sína og hyggst
að veiða „konung fljótanna" fyrir kvöld-
ið, eða þá eina bleikju ef ekki vill
betur til.

Það er komið í veitingatjöldin og spurt
ákaft eftir „sígarettum": Jú, þær eru
til. Og ekki stendur á því að rífa
upp pakkana og munnarnir eru
óðara að innbyrða andann á þessum
dásamlegu tóbaksstöppunum og margþrá-

Reykur stígur upp, með andlitun-
um leið og það fær á sig nokkurn
sefandi, en jafnframt kæruleysisblæ,
en augun kiprast ósjálfrátt lítið eitt
saman, jafnframt því sem í þau dreg-
ur hulin vaxandi sljóleika. Vindilstúf-
urinn er allskjótt brunninn. Hann hef-
ir því ekki orðið nema fróun augna-
bliksins.

Og enn er glitrandi í ljósi dagsins.
Unga fólkið fer tvennt og tvennt saman,
eða í smáhópum, út úr mannþyrp-
ingunni og setzt út. Ekki þó inn-
um laufskógum eða skúmaskotum,
heldur sem siðuðu fólki hæfir – þar
umhverfis settjöldin. Það leynir sér
ekki, að það býr yfir einhverju kom-
hugðarefni, sem er sameign þess.
Það er eitthvað hálfáfengt, er svífur
á það sameiginlega. Það kemur aftur
inn í mannþyrpinguna og nú hefir
faraldurinn náð á toppinn.

Ég er nú stöðugt meinlaus áhorfandi
og hefi tóm, til þess að hugsa svona

fyrir sjálfan mig, og ég hugsa sem svo: Hvað gera ungir menn og ungar stúlkur? Eru það áhrif frá siðkenningum dagsins, er vekja svona á ~~hugi~~ ykkar? Er það vonarfull löngun að mega sem bóndi og húsfreyja taka sem fyrst virkan þátt í þessum og öðrum áhugamálum byggðalífsins og geta sagt sem svo: Þessi merkisdagur er einnig okkar, og fyrir okkar fullhugi og hann árlega haldinn? Nei, ónei. Það fer fjarri því, að ég eigi kollgátuna.

Loks er þó þögn óvissunnar rofin af mörgum röddum, sem eru þó mjög hjáróma og falla illa við höfuðtexta dagsins: „Við þurfum endilega að dansa í kvöld!" Já, einmitt það. Þarf endilega að dansa? Verður húsið ekki opnað?

— Því mörg ungmennafélaganna eiga nú orðið hús. — Hugsun þessi hefir rutt sér braut djúpt neðan úr afkymum sálarinnar, þar sem hún er geymd meðal helgra dóma hugans. — „Hvar er formaður félagsins? Hvar er stjórnin?" Og það er gert áhlaup á hana. Stundum lætur hún undan síga — því miður — en aðrir þrífa herklæði sín og vopn — ábyrgðartilfinningu og sómatilfinningu — þess er „Skófinnungar" félaganna og sem stjórnin á fyrst og fremst að beita.

Það er nú ekki nema sjálfsagt, að unga fólkið fái að skemmta sér — og það mikið, og ég er þess jafnan fýsandi, en það á ekki að dansa bæði í tíma og ótíma.

Hvern einasta sunnudag allt sumarið á fólkið þess kost að dansa, enda svíkst það ekki um það. Farkostur er orðinn ágætur svo að þægilegt er að sækja skemmtanir víða vega.

Á réttardaginn eru ungir menn vanir fremur undir áhrifum víns, og er þá síst ástæða að opna fyrir þeim samkomuhúsið, enda mælist það mis-

jafnlega fyrir innan félaganna.
Margt af fólki þessu eru og lausingjar og landshornamenn slitnir að miklu leyti úr tengslum við sveitalífið og eiga takmarkaða samúð með íslenzka bóndanum, er leggur til hinn þjóðlega þátt dansins.

Dansinn er þá heldur ekki það „salt jarðar", að lífsnauðsyn sé að koma honum allsstaðar á, hvar sem því verður við komið og engum stað né stund megi njóta friðhelgi fyrir honum.

Kristján Sigurðsson.

---

## Óþægileg klípa.

Það var í annað sinn, sem ég fylgdi ungfrúnni heim af dansleik. Þegar við komum að garðshliðinu spurði hún mig hvort ég vildi nú ekki koma inn. Ég þakkaði og fór með henni inn í húsið. — Nóttin var kyrlát og mild og ég hafði enga löngun til þess að fara að sofa. — Ungfrúin opnaði dagstofuna og bauð mér sæti, en sjálf fleygði hún af sér hattinum og fór umsvifalaust á dyr. Hún hafði tæpast lokað dyrunum, er inn kom kvenmaður, sem ég hugði vera móður hennar. Maddaman settist andspænis mér, brosandi út undir eyru. Og síðan sagði hún:

„Ég hefi alltaf sagt, að ef ungur og heiðarlegur maður yrði ástfanginn í dóttur minni, þá skyldi hann hafa samþykki mitt til ráðahagsins. Sumar mæður vilja fórna hamingju dætra sinna fyrir auðæfi, - en ég er ekki ein af þeim." —

Þetta kom svo flatt upp á mig að ég missti málið, því að ég hafði aldrei fundið að ég væri neitt hrifin af dóttur ~~[illegible]~~ hvað þá að mér hefði komið til hugar að giftast henni.

„Hún hefir trúað mér fyrir því, að hún elskaði yður", hélt sú gamla áfram.

Ég reyndi hvað eftir annað að andmæla, en kom ekki nokkru orði að, því sú gamla greip alltaf fram í fyrir mér. — Og svo sagði hún ísmeygilega: „Já, ég veit að þér hafið ekki mikla peninga. En auðvitað búið þið hér hjá mér og þá verður það allt ódýrara"! — Þetta var voðaleg klípa. Ég hafði aldrei litið dótturina ástaraugum og gat svo ekki komið orðum fyrir kerlinguna. — Það var öldungis sama, hvað ég reyndi að segja. Hún hélt stöðugt áfram og gaf orðum sínum áherzlu með valdsmannslegum handatilburðum. „Það eina sem ég bið yður" sagði hún, „er að vera

dóttur minni góður og nærgætinn. Hún er svo viðkvæm og lík mér".

Augun ætluðu út úr höfðinu á mér og ég hrópaði: „Guð minn góður! — Ég get ekki" — „Minnist þér ekki á það. Ég vil engar þakkir"! greip hún fram í. „Ég skal annast brúðkaupsveizluna og ákveða daginn, 11. dag janúarmánaðar er ég fædd og það var einmitt viðeigandi að hafa brúðkaupið þá", bætti hún við og það klakkaði í henni röddin. „En, en frú", sagði ég með öndina í hálsinum. „Já, herra minn" sagði hún hlæjandi „þetta er nú sjálfkjörið hér með og ég skal reyna að vera fyrirmyndar tengdamóðir. Ég er mannlaus og góðhjörtuð — þó ég hafi nú átt sinn elt ungan mann tvö hundruð mílur og skilið af honum hausinn, fyrir að lofa að giftast dóttur minni og svíkja það svo".

Hún klappaði mér á höfuðið og sigldi svo út úr stofunni.

Ég stóð eftir ráðþrota, en brátt fannst mér koma til greina: að leggjast flatur þvert yfir járnbrautarteinana — eða kasta mér í sjóinn.

Lausl. þýtt.

---

## Smælki:

Hinrik VIII Bretakonungur tilnefndi eitt sinn Tómas More til þess að færa konungi Frakklands miður vinsamlega orðsendingu. En sökum þess að Tómas vissi að Frakklandskonungur var jafn ofsafenginn í lund og Hinrik VIII, þá var hann kvíðafullur að fara sendiförina og sagði konungi að þetta mundi kosta sig höfuðið. Konungur sagði Tómasi að það væri ekkert að óttast því að ef konungur Frakklands gerðist svo djarfur að láta hálshöggva sendimann sinn, þá skyldi hann sjálfur láta hálshöggva hvern einasta Frakka er staddur væri í London. „Ég er yðar hátign mikillega skuldbundinn“ sagði Tómas, „en ég er hræddur um að ekkert af þessum höfðum mundi passa á mínar axlir.“

---

Eftirfarandi vísa hefir borizt Ingimundi og átti hann. Þá hann einn enga þökk hann telji að ekki megi þakka hana of bókstaflega. Vill hann benda á að sennilega sé blaðið lítilega haldið og ekki fyrirferðarmikið, af félagarnir gerðu of háar kröfur um efni það er því er sent — en hann vantið þess að hver geri sinn hlut svo góðan sem verða má.

Illt er að senda Ingimundi
illa gerða bögu;
því er verra að þylja á fundi
þunna og ljóta sögu.

---

Snú við.

Blað þetta var tilbúið til birtingar í dezembermánuði s.l. og hefði þá orðið 5. tölublað árgangsins 1941, ef orðið hefði af fundi, svo sem ætlað var.

Svo mun vera til ætlast að ungmennafélagið haldi 6 fundi á ári hverju og talið æskilegt að blaðið komi út á þeim öllum. Eftir tölublaðafjölda síðasta árgangs „Ingimundar" að dæma hafa fundirnir annaðhvort verið fáir á árinu 1941 eða „Ingimundur gamli" hefir ekki verið mættur á þeim öllum. Hver sem orsökin er væri æskilegt að ná settu marki á því starfsári sem nú er að hefjast.

Ritstj.

„Ingimundur gamli" óskar öllum velunnurum sínum árs og friðar.

Ritstjóri: Grímur Gíslason.